

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	13. apríl 2026	Tími:	11:00 – 12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	HR			
Á fundinn mættu:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Áslaug Ásgeirsdóttir (ÁÁ), Hildur Ragnars (HR), Magnús Ingvason (MI), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH), Sigríður Kristinsdóttir (SK), Örn Hrafnkelsson (ÖH), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 13. apríl 2026

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. mars 2026

Fundargerð stjórnarfundar 2. mars síðastliðinn var samþykkt.

2. Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna

ÁHI gerði grein fyrir stöðunni. Miklar annir hafa verið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu undanfarið og hafa samráðsfundir FFR með skrifstofu kjara- og mannauðsmála m.a. fallið niður af þeim sökum. Könnunin var upphaflega hugsuð sem samráðsverkefni FFR og ráðuneytisins en nú liggur fyrir að svo verður ekki að þessu sinni. Ákveðið að halda verkefninu áfram og freista þess að ljúka því fyrir aðalfundinn í maí. ÁHI og AH taka að sér að leita tilboða í vinnslu og framkvæmd könnunarinnar og leggja lokahönd á spurningalistann.

3. Morgunverðarfundur fimmtudaginn 16. apríl um afnám áminningarskyldunnar

Morgunverðarfundur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í samstarfi við FFR um afnám áminningarskyldunnar verður haldinn næstkomandi fimmtudag. Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, mun fjalla um áform um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en m.a. er áformað að afnema áminningarskyldu sem undanfara uppsagnar eða lausnar um stundarsakir. Viðbrögð við ávarpi ráðherrans veita þær Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM og Sigríður Kristinsdóttir, formaður FFR. Í lok fundar munu þau taka þátt í umræðum og svara spurningum.

FFR hefur sent umsagnir um fyrirhugaðar breytingar á starfsmannalögum á öllum stigum málsins; í samráðsgátt þegar áform um breytingar voru kynntar; í samráðsgátt þegar drög að frumvarpi var kynnt og nú síðast til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á starfsmannalögum. SK mun í máli sínu verða á sömu nótum og í framangreindum umsögnum.

Mikilvægt er að sem flestir úr stjórninni mæti á fund sem þennan. Samþykkt að félagið greiði þátttökugjald fyrir þá stjórnarmenn sem koma á fundinn.

4. Aðalfundur og málstofa

Umræður um skipulag aðalfundar. Framboð til stjórnar liggja fyrir og mun kjörnefnd annast kynningu á lista yfir frambjóðendur. Stefnt er að því að kynna niðurstöður starfsumhverfiskönnunar á málstofu sem haldin verður áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast.

5. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

6. Önnur mál

- Umræður um boðaða fækkun á opinberum starfsmönnum.
- Umræður um húsnæðismál ríkisstofnana og samskipti við FSRE.
- Umræður um samráðsfundi FFR og FJR.